

# STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1993

---

---

17. febrúar 1993

101

Nr. 66

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 265, 8. júlí 1992,  
um loðnuveiðar 1992/1993.

1. gr.

Í stað: „639 600 lestir“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 398, 9. nóvember 1992, komi: 820 000 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 17. febrúar 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

18. febrúar 1993

Nr. 67

## REGLUGERÐ

um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Allar veiðar með togvörpu og dragnót eru bannaðar innan þriggja mílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesvita og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suður frá Reykjanesvita.

2. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. eru dragnótaveiðar heimilaðar á eftirgreindum svæðum og tímum:

- A. Frá og með 1. mars til og með 31. maí milli lína, sem dregnar eru réttvísandi í suður frá Selvogsvita og Reykjanesvita.
- B. Frá og með 1. júní til og með 31. júlí milli 20°06'V og 19°48'V.
- C. Frá og með 1. mars til og með 30. júní milli 18°18'6 V og 17°V.
- D. Frá og með 1. apríl til og með 31. maí, að línu í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli 16°34'V og 15°45'V.

Steindórsprent Gutenberg hf.

B 9